



STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
í íslenskum fræðum

Lifandi hefðir



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hefðir lifa vegna þess að þeim er miðlað mann fram af manni



Hefðbundin smíði súðbyrðings (skektu, trillu)

Smíði súðbyrðings hefur fylgt Íslendingum frá landnámi og súðbyrðingar hafa verið smíðaðir um land allt en hafa breytilega lögun sem fyrst og fremst skapast af náttúrulegum kringumstæðum og notkun.

Skráð: 09.10.2018

Skráð af: Vitafélagið –íslensk strandmenning

Landfræðileg útbreiðsla: Allt landið

Flokkar: Hefðbundin verkunnátta

Smíði súðbyrðings byggir á handverkshefð þar sem neðri brún fjalar leggst ofan á efri brún næstu fjalar fyrir neðan. Í upphafi voru borðin saumuð saman áður en trénaglar og síðar járn- og koparnaglar komu til sögunnar. Þessi mikilvæga menningararfleið og handverkshefð gerði mönnum kleift að stunda sjósókn, veiðar, landbúnað og flutninga. Í

Þessari hefð varðveitist þekking sem var grundvöllur menningar strandbyggðanna og arfleiðar hennar. Nú tengist notkun súðbyrðings frístundum og útiveru.

Áhöld, efniviður og aðstaða sem þarf við smíði súðbyrðings eru: Góð aðstaða innandyrá í húsi sem ekki er upphitað. Bandsög og handheflar, hnoðverkfæri og góður viður.

Í upphafi voru borðin saumuð saman áður en trénaugar og síðar járn- og koparnaugar komu til sögunnar. Í upphafi tuttugustu aldar var farið að setja vélar í báta, gerðir og stæðir bátanna breyttust og þá var farið að kalla þá einu nafni trillur.

Framundir 1980 var mikil gróska í smíði súðbyrtra báta en eftir 1980 tóku plastið og stálið við og smíði og þekking og smíði súðbyrtra báta dalaði mjög.

Handverkshefðin við smíðina lærðist fyrst og fremst frá manni til manns en var síðan einnig kennd við flesta iðnskóla landsins á tuttugustu öld. Frá aldamótum hefur einungis einn Íslendingur útskrifast í tréskipasmíði og enginn skóli hefur nú fagið á námskrá. Áður var báturinn nauðsynlegt tæki sem gerði fólki kleift að stunda sjósókn, veiðar, landbúnað og flutninga. Þannig var þekking manna á smíði súðbyrðings grundvöllur menningar strandbyggðanna og arfleiðar hennar. Súðbyrtir bátar eru enn smíðaðir með sama hætti og áður en nú eru þeir helst notaðir til skemmtunar og útiveru

Nú til dags eru það bátasmiðir sem smíða súðbyrðinga og við Síldarminjasafn Íslands á Siglufirði eru haldin námskeið í smíði súðbyrðinga og viðhaldi á þeim. Á sjóminjasöfnum landsins er einnig að finna súðbyrta báta sem eru til sýnis og fróðleik um þá. Á Reykhólum eru árlega haldnir *Bátadagar á Breiðafirði* þar sem siglingahefðinni er viðhaldið og hún sýnd.

Auk einstaklinga sem hafa þekkingu á smíði súðbyrðinga miðla ýmis félög og söfn þekkingu um smíðina og bátana. Sem dæmi má nefna:

Síldarminjasafn Íslands á Siglufirði, sjá www.sild.is.

Meðal hlutverka Síldarminjasafns Íslands á Siglufirði er að standa vörð um verkþekkingu við smíði súðbyrðinga og trébáta með því að veita fræðslu og standa fyrir námskeiðum. Safnið stendur árlega fyrir námskeiðum þar sem verkþekkingunni er miðlað áfram til nýrrar kynslóðar. Á námskeiðunum er ýmist unnið að nýsmíði súðbyrðinga eða viðgerðum á eldri bátum. Síldarminjasafnið hefur jafnframt tekið þátt í samstarfi við erlend söfn um bátasmiði og varðveislu verkþekkingarinnar, sem dæmi má nefna Bátaverndarmiðstöð Norður-Noregs í Gratangen og Sjóminjasafnið í Gdansk og útibú þess í Katy Rybackie.

Félag áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum, sjá www.batasmidi.is.

Félagið hefur það að markmiði að „safna, skrá, varðveita og sýna muni og minjar sem hafa gildi fyrir sögu báta, bátasmiða og siglinga við Breiðafjörð. Þá skal safnið stuðla að nýsmíði súðbyrðinga, varðveita þekkingu í því fagi eftir föngum, efla siglingakunnáttu og halda til haga vitneskju um gamlar siglingaleiðir á Breiðafirði.“ Félagið hefur í samvinnu

við löu fræðslusetur boðið upp á námskeið, sem notið hafa vinsælda, í smíði súðbyrðinga en að jafnaði hafa 2-4 námskeið verið haldin á ári.

Myndasafn





STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
í íslenskum fræðum

Lifandi hefðir



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hefðir lifa vegna þess að þeim er miðlað mann fram af manni



Traditional clinker-boat building

Icelanders have built clinker boats ever since the country was settled and these vessels have been produced everywhere in the country and have taken different forms depending on local circumstances and their intended use.

Skráð: 09.10.2018

Skráð af: Vitafélagið - íslensk strandmenning

Landfræðileg útbreiðsla: Allt landið

Flokkar: Hefðbundin verkunnátta

Building clinker boats is based on a traditional method in which the lower edge of a plank overlaps the upper edge of the next plank below it. Originally, the planks were sewn together, but later, wooden pegs and then iron or copper nails were used. This important cultural heritage and handicraft tradition enabled Icelanders to fish and hunt, and the boats were also used in agriculture and as means of transport. This traditional craftsmanship has preserved the knowledge on which Icelandic coastal culture and its heritage are based. Today, clinker boats are associated mainly with outdoor recreation.

Building clinker boats requires certain tools and materials: bandsaws, planes, riveting equipment, and good-quality wood, as well as a suitable workspace in an unheated building.

Originally, the planks were sewn together, but later wooden pegs, and then iron and copper nails were used. In the early 20th century, boats were increasingly equipped with engines. Their form and size then changed, and they were referred to by the common name “trilla” (handliner fishing boat).

Building this type of planked vessels flourished until about 1980, but then plastic and steel took over as the preferred materials, and both the knowledge required to build these vessels and the number of new boats produced rapidly declined.

Traditionally, the knowhow involved in building clinker boats was passed down from one boatwright to the next, and in the 20th century, it was taught in most technical colleges in Iceland. However, since the turn of the century, only one Icelander has completed a course of study in wooden boatbuilding, and currently no educational institution has this subject in its curriculum. In the past, this type of boat was an essential tool for fishing, hunting, agriculture and transport. Knowledge of the craftsmanship required was thus the basis for coastal culture and its heritage. Clinker-boats are still built in the same way as they were in the past, but they are now used mainly for outdoor recreation.

Today, clinker-boats are constructed by specialist boat-builders, and the Herring Era Museum in Siglufjörður offers courses on the building and maintenance of planked vessels. Clinker-boats are on display in Icelandic maritime museums, where visitors can also learn about these traditional craft. At Reykhólar in West Iceland, the annual Breiðafjörður Boat Festival preserves and demonstrates traditional sailing techniques.

In addition to individuals with knowledge of clinker-boat building, several associations and museums also provide information on these watercrafts and the way they are built. One example is the Herring Era Museum in Siglufjörður:

Síldarminjasafn Íslands á Siglufirði, see www.sild.is.

The Herring Era Museum in Siglufjörður helps preserve the knowhow and craftsmanship involved in building clinker-boats and other wooden vessels by providing information and courses on them. Each year, the museum offers courses that pass this knowledge on to new generations. Participants learn how to build new clinker-boats or repair older vessels. The museum has also cooperated with institutions in other countries on boatbuilding and preserving traditional craftsmanship, including the North Norwegian Ship Preservation Centre in Gratangen, Norway, and the Maritime Museum in Gdansk and Katy Rybackie in Poland.

For the “Friends of the Breiðafjörður Boat Museum”, see: www.batasmidi.is.

This society’s main purpose is to “find, register, and preserve objects and artefacts of value for the history of boats, boat building, and navigation in the fjord Breiðafjörður. The museum aims to encourage new clinker-boat construction, preserve the skills involved, promote knowledge of sailing, and maintain awareness of traditional seaways in

Breiðafjörður. In cooperation with the IÐAN Education Centre, the society has sponsored well-attended courses on building clinker boats held 2-4 times per year.

Myndasafn

